

68

5. gr.

Sýslunefndin annast um að nægilega mikið sje til af hreinsunarmeðölum og borga það úr sýslusjóði. Sömuleiðis skulu lækningamenn fá 25 aura fyrir hvern hund, sem hreinsaður er samkvæmt skýrslu þeirra, úr sýslusjóði, er skal borgast þeim á næsta manntalsþingi á eptir.

6. gr.

Jafnóðum og lækningamenn lækna hundana skrifa þeir hjá sjer á skrá, hve marga hunda þeir hreinsa fyrir hvert heimili í umdæmi sínu, semja síðan sundurliðaða skýrslu um lækninguna til hlutaðeigandi hreppstjóra fyrir næstu árslok, en hreppstjóri semur síðan eina sundurliðaða skýrslu fyrir allan hreppinn, og sendir hana til oddvita sýslunefndarinnar fyrir næsta sýslufund.

7. gr.

Skyldur er hver hundeigandi til að merkja hund sinn annaðhvort með fjármarki sínu á eyrum eða með helsi með bæjarnafni eða brennimarki á. Rjettdræpir eru allir þeir hundar, sem ekki eru merktir, og sem eru á flækning.

8. gr.

Hreppsnefnd skal gæta þess vandlega að reglugjörð þessari sje fylgt.

9. gr.

Brot móti reglugjörð þessari varða frá 1—10 kr. sektum, sem renna í sýslusjóð. Sýslumaður ákveður sektirnar eptir málavöxtum.

Mál út af brotum móti reglugjörðinni skal farið með sem opinber lögreglumál.

10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 30. septbr. 1899.

* * *

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu á aðalfundi hennar 21.—24. febr. 1899.

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu 1. maí 1899.

Eggert Briem.

69

Samþykkt

um hreinsum hunda af bandormum í Norðurmúlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi sýslunnar skal sjá um að allir hundar í hreppnum sjeu hreinsaðir, að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust. Kostnað þann, er leiðir af hundalækningum, má borga úr hreppssjóði. Þó leggur sýslunefndin til meðul, bönd og baðlyf.

2. gr.

Til hreinsunar hunda skal nota annaðhvort kamaladupt eða arekadupt.

3. gr.

Þá er hreinsuninni er lokið, skal baða hundana úr sterku maurdrepandi baði (t. d. 1 peli creolin móti 9 pottum vatns).

4. gr.

Hreppsnefndin skal tvisvar á ári hverju, að lokinni hreinsun, gefa oddvita sýslunefndarinnar nákvæma skýrslu um tölu hunda og lækningu á þeim. Skal fyrri skýrslan send fyrir 1. júlí, en hin síðari fyrir 31. desember ár hvert.

5. gr.

Ómerktir flækingshundar, sem enginn vill taka að sjer, skulu rjettdræpir.

6. gr.

Hver hundeigandi er skyldur að hafa hálsreim á hundum sínum, með brennimarki eða merkiplötu.

7. gr.

Brot gegn fyrirskipunum hreppsnefnda um hundahreinsanir, varða 5—10 kr. sekt. En brjóti hreppsnefndin reglugjörð þessa, varðar það allt að 100 kr. sekt. Með mál út af brotum gegn fyrirmælum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

8. gr.

Samþykkt um lækningu hunda af bandormum o. fl. í Norður-Múlasýslu, dags. 13. ágúst 1895, með síðari breytingum, er með samþykkt þessari num-in úr gildi.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1899.

* * *
Samþykkt af sýslunefnd Norðurmúlasýslu á aðalfundi hennar á Eidum 2. maí 1899.

Skrifstofu Norðurmúlasýslu 16. maí 1899.

Jóh. Jóhannesson.

Reglugjörð

70

fyrir búnaðarskóla Norðuramtsins á Hólum.

1. gr.

Það er tilgangur skólans að veita ungum mönnum þekkingu í búfræði og vekja hjá þeim áhuga á framförum í búnaði. Sjerstaklega skal leggja áherzlu á verklega æfingu.